

## **Borgarstjórn Reykjavíkur**

**24. maí 2022**

### **Tillaga borgarfulltrúa Miðflokksins um aukið fjármagn til uppbyggingar svæðis Bása og Fyssu í Grasagarðinum**

Borgarstjórn samþykkir að veita auknu fjármagni til skrifstofu opinna svæða og Grasagarðsins í Reykjavík í fjárhagsáætlun 2023, til uppbyggingar svæðis Bása og Fyssu.

#### **Greinargerð**

Grasagarðurinn í Reykjavík er náttúruperla í miðri borg. Þar fer fram ómetanlegt starf í varðveislu íslensku flórunnar auk garðplantna. Á heimasíðu Grasagarðsins segir: „Grasagarður Reykjavíkur er lifandi safn undir berum himni. Grasagarðurinn var stofnaður árið 1961 og er rekinn af Reykjavíkurborg. Hlutverk Grasagarðsins er að varðveita og skrá plöntur til fræðslu, rannsókna og yndisauka. Í garðinum eru varðveittir um 5000 safngripir af um 3000 tegundum. Plöntunum er komið fyrir í 8 safndeildum og gefa hugmynd um fjölbreytni gróðurs í tempraða beltinu nyrðra.“ Svæðið Básar voru eitt sinn í umsjá ræktunarstöðvarinnar en er nú í umsjá Grasagarðsins. Til þess að opna svæðið milli Fyssu og Bása vantar framkvæmdafé. Í forgangi verði að laga svæðið í kringum Fyssu, tengja það Básun og stækka sýningarsvæði Grasagarðsins. Fjármagni hefur verið veitt í svæðið og hönnun er byrjuð en þessi tillaga er nýframkvæmd. Mikilvægt er að klára þessa framkvæmd svo skapist heild á umráðasvæði Grasagarðsins.